

Verðlaun fyrir góða starfshætti 2018-2019

RAUNDAEMI



Örugg og hagkvæm aðferð til að meðhöndla kítti sem inniheldur asbest í gleriðnaðinum



STOFNUN/FYRIRTÆKI

Alríkissamband
gleriðnaðarins
(*Bundesinnungsverband
des Glaserhandwerks*)

LAND

Þýskaland

ATVINNUGREIN

Byggingariðnaður,
glerjun

VERKEFNI

Að fjarlægja og gera við
gler/meðhöndla kítti sem
inniheldur asbest



Heimild: Alríkissamband gleriðnaðarins.

Bakgrunnur

Alríkissamband gleriðnaðarins gætir hagsmuna allra glersérfræðinga og faghópa í Þýskalandi, þ.m.t. glersmiða, þeirra sem sjá um frágang og hönnuða. Það er í samstarfi við tengda aðila — Gluggasmíði- og

glertæknistofnunina (*Institut für Verglasungstechnik und Fensterbau e. V*) og Fagtækniðstöðina (*Technische Kompetenzzentrum*) — við að þróa staðla í iðnaðinum, taka saman tæknilegar viðmiðunarreglur, og bjóða upp á ráðgjöf varðandi tæknileg vandamál og við að fara eftir lögum og reglugerðum. Það dreifir

einnig upplýsingum sem skipta máli fyrir iðnaðinn í gegnum greinar í tímaritum, viðburði, vörusýningar og námskeið.

Asbest finnst í litlu magni í sumu kíttri fyrir gler — sem var notað í nokkra áratugi fyrir árið 1993, þegar bannið við notkun á asbesti tók gildi. Venjulega var kíttri sem inniheldur asbest notað með einföldu gleri í trégluggum, kassagluggum, þökum á skýlum, gróðurhúsum og atvinnuhúsnæði, sem og með einangrandi gleri í fyrstu gerðunum af gluggum með álramma.

Árið 2016 leitaði Alríkissamband gleriðnaðarins ráða hjá þýskum yfirvöldum á sviði vinnuverndar um hvernig meðhöndla ætti kíttri sem inniheldur asbest. Stjórnvöld settu svipuð skilyrði og aðferðir sem krafist er við vinnu þar sem miklu meira magn af asbesti er í efnum og samsvarandi útsetningarstig er til staðar, sem fól í sér notkun á öflugum hlífðarfatnaði og einangrun svæða þar sem asbest var að finna. Þessar ráðstafanir voru taldar óhóflegar miðað við það hættustig sem tengist því að fjarlægja kíttri sem inniheldur asbest af gleri, og að framkvæmd á þeim myndi krefjast talsverðs tíma, erfiðis og fjármagns, sem myndi gera mörgum fyrirtækjum erfitt að fylgja lögum.

Markmið

Að þróa hagnýta aðferð til að fjarlægja kíttri sem inniheldur asbest til að vernda heilsu starfsfólks og viðskiptavina í gleriðnaðinum, en sem eru hófleg, hvað varðar kostnað og notkun á tæknibúnaði, miðað við þá hættu sem er fyrir hendi.

Hvað var gert og hvernig?

Aðferð í þremur hlutum var beitt:

1. **Að koma fram með tæknilega aðferð til að fjarlægja kíttri sem inniheldur asbest:** einföld aðferð var þróuð með Vinnuverndarstofnun slysátrygginga Þýskalands (*Institut für Arbeitsschutz der deutschen gesetzlichen Unfallversicherung* (IFA)) og Forvarna- og slysátryggingastofnuninni fyrir byggingariðnaðinn (*Berufsgenossenschaft Bau (BG Bau)*). Helstu meginreglurnar eru eftirfarandi:
 - eingöngu má nota handknúin verkfæri, ekki vélar
 - vinna verður að fara fram utandyrá
 - eingöngu má nota hita ef kíttrið inniheldur ekki jarðbik
 - það verður að nota ryksugu sem er aðlöguð að notkun fyrir asbest
 - starfsfólk verður að geta sýnt ákveðin hæfnisvottorð.
2. **Þjálfun:** glersmiðir verða að fá viðeigandi þjálfun og hæfnisvottorð í að beita fyrrgreindri aðferð áður en þeir meðhöndla kíttri sem inniheldur asbest. Fagtækniðstöðin sér um þjálfun. Glersmiðir víðsvegar í Þýskalandi sem ljúka þjálfun fá afhent hæfnisvottorð.

3. **Fræðslustarf:** Alríkissamband gleriðnaðarins og Fagtækniðstöðin dreifa ítarlegum upplýsingum um það hvernig eigi að fjarlægja kíttri sem inniheldur asbest, og önnur hættuleg efni, í fjölmörgum útgefnum ritum.



Heimild: Alríkissamband gleriðnaðarins.

Hverju var áorkað?

Aðferðin var metin og samþykkt af Vinnuverndarstofnunslysátrygginga Þýskalands, þar sem í ljós kom að notkun á aðferðinni leiddi til lítils mengunar af asbesti, langt innan hámarks mengunarmarka, og verndaði þannig starfsfólk með árangursríkum hætti gegn þessu hættulega efni. Í lok júní 2018 fékk Alríkissamband gleriðnaðarins leyfi til að þjálfa glersmiði víðsvegar í Þýskalandi í að nota þessa nýju og samþykktu aðferð. Síðan þá hafa yfir 300 glersmiðir fengið þjálfun og hæfnisvottorð, sem gerir þeim kleift að gera faglega við gler með kíttri sem inniheldur asbest á öruggan og hagkvæman hátt. Aðferðin er nú opinber krafa fyrir alla glersmiði samkvæmt reglugerð Slysátryggingastofnunar Þýskalanda (DGUV — *Deutsche Gesetzliche Unfallversicherung*) — DGUV 201-012 'Fjarlæging á kíttri sem inniheldur asbest í falsi fyrir gler með því að meitla og skera með og án hitunar'.

Alríkissamband gleriðnaðarins fékk verðlaun í 12. skiptið sem Þýsku verðlaunin fyrir varnir gegn hættulegum efnum voru veitt, í floknum 'Árangur gegn asbesti' sem viðurkenning fyrir árangursríka innleiðingu á þessari aðferð verðlaun í

Árangur

Lykilþáttur í því hversu vel tókst til við að þróa þessa aðferð og við framkvæmd á þjálfun og fræðslustarfi var árangursríkt samstarf á milli sambanda innan gleriðnaðarins og stofnana. Auk Alríkissambands gleriðnaðarins, sem hrinti verkefninu af stað, þá gegndu eftirfarandi samtök einnig mikilvægu hlutverki:

- tengd iðngreinasamtök innan ríkja
- Forvarna- og slysátryggingastofnunin fyrir byggingariðnaðinn (BG Bau — *Berufsgenossenschaft Bau*)

- Vinnuverndarstofnun slysatriygginga Þýskalands (DGUV) (IFA — *Institut für Arbeitsschutz*)
- Þýska sambandsstofnunin á sviði vinnuverndarmála (BAuA — *Bundesanstalt für Arbeitsschutz und Arbeitsmedizin*).

Aðferðin er ódýr og einföld í framkvæmd með auðskiljanlegum leiðbeiningum og — með viðeigandi þjálfun — geta allir í gleriðnaðinum öðlast hæfni til að meðhöndla kítti sem inniheldur asbest á öruggan hátt.



Heimild: Alríkissamband gleriðnaðarins.

Yfirlýsing

Aðferðin við að gera við gler sem er með kítti sem inniheldur asbest og verklagið við þjálfun og dreifingu á upplýsingum væri hægt að beita í öðrum aðildarríkjum. Einnig er mögulegt að beita aðferðinni fyrir vörur sem innihalda lítið magn af öðrum hættulegum efnum.

Kostnaður og ávinningur

Lausnin eins og henni er lýst — hvernig eigi að fjarlægja kítti sem inniheldur asbest á öruggan en

jafnframt auðveldan og hagkvæman hátt — er skýr og auðveld í framkvæmd, og gæti haft mjög mikil áhrif á atvinnugreinina með því að vernda glersmiði og viðskiptavini gegn asbesti án kostnaðarsamra aðgerða sem krefjast mikils tækjabúnaðar og eru tímafrekar.

Aukin vitneskja um að hættuleg efni eins og asbest eru til staðar í glervörum og hvernig eigi að meðhöndla þau á öruggan hátt stuðlar að betri heilsu starfsfólks í iðngreininni og viðskiptavina þess.

Lykilatriði í dæmi um góða starfshætti

- Aðferðin sem þróuð var og þjálfunin sem í boði er hafa burði til að leggja mikið af mörkunum við að tryggja öryggi starfsfólks sem meðhöndlar asbest í gleriðnaðinum.
- Það er einfalt og hagkvæmt að beita aðferðinni, þannig að það er gerlegt að innleiða hana jafnvel í litlum fyrirtækjum.
- Árangursrík innleiðing á aðferðinni sýnir ávinninginn af samstarfi á milli samtaka atvinnugreina og yfirvalda og stofnana á sviði vinnuverndar.
- Aðferðin er sjálfbær og yfirfærarleg til annarra aðildarríkja.

Frekari upplýsingar

Frekari upplýsingar er að finna á <http://www.glaserhandwerk.de>

Heimildir og úrræði

Upplýsingar um aðferðina (þýska): https://www.dguv.de/medien/ifa/de/prg/asbest/bt_42.pdf

Þýsku verðlaunin fyrir varnir gegn hættulegum efnum: <https://www.baua.de/DE/Themen/Arbeitsgestaltung-im-Betrieb/Gefahrstoffe/Gefahrstoffschutzpreis/Gefahrstoffschutzpreis.html?pos=1>

'Lausnin gæti haft mjög mikil áhrif með því að vernda glersmiði og viðskiptavini gegn asbesti án kostnaðarsamra aðgerða.'